

Nr. 356/2012.

Miðvikudaginn 30. maí 2012.

Seðlabanki Íslands

(Gizur Bergsteinsson hrl.)

gegn

Samherja hf.

Eignarhaldsfélaginu Steini ehf.

Ice Fresh Seafood ehf.

Íslandsbleikju ehf.

Íslandslaxi hf.

Kaldbaki ehf.

Krossanesi ehf.

LNS ehf.

Silfurstjörnunni ehf.

Snæfelli ehf.

Útgerðarfélagi Akureyringa ehf.

N. Hansen ehf.

Oddeyri ehf.

Sigurafli ehf.

Reykfiski ehf.

Samherja Íslandi ehf.

Axel ehf.

Icefresh GmbH

Seagold Ltd.

Deutsche Fischfang Union GmbH

Kötlú Seafood Ltd.

Kötlú Shipping Ltd.

Onward Fishing Company Ltd.

Kötlú Seafood Canarias

Fidelity Bond Investment Ltd. og

Polaris Seafood ehf.

(Helgi Jóhannesson hrl.)

Kærumál. Rannsókn. Gjaldeyrismál. Húsleit. Haldlagning. Frávísun frá héraðsdómi að hluta. Aðfinnslur.

Í tengslum við rannsókn SÍ á ætluðum brotum S hf. o.fl., gegn lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og reglum settum samkvæmt þeim, fór fram húsleit og haldlagning muna hjá S hf. o.fl. á grundvelli tveggja dómsúrskurða þess efnis. Í tilefni af áðurgreindum rannsóknaraðgerðum kröfðust S hf. o.fl. þess að aðgerðirnar yrðu dæmdar ólögmætar og SÍ gert að hætta rannsókn sinni. Hæstiréttur taldi að álitæfni um það hvort sú háttsemi S hf. o.fl., sem til rannsóknar var, væri refsiverð og ólögmæt, gæti ekki sætt úrlausn dómstóla fyrir en tekin hefði verið ákvörðun um að beita S hf. o.fl. stjórnvaldssektum eða höfðað væri á hendur þeim sakamál og vísaði kröfunni frá héraðsdómi. Þá kröfðust S hf. o.fl. þess að húsleit og haldlagning á tveimur starfstöðvum S hf. yrðu dæmdar ólögmætar og SÍ gert að afhenda öll haldlögð og afrituð gögn og eyða öllum afritum haldlagðra gagna, en að því frágengnu að SÍ yrði gert að skila tilteknum gögnum sem hald var lagt á við húsleitina. Hæstiréttur vísaði frá kröfu S hf. o.fl. er laut að lögmæti og framkvæmd rannsóknaraðgerðanna þar sem þær væru afstaðnar. Þá hafnaði rétturinn kröfu S hf. o.fl. um að haldi yrði aflétt, einkum með vísan til þess að vegna mikils umfangs hinna haldlögðu gagna yrði að játa SÍ nokkru svigrúmi við rannsókn þeirra, áður en þau yrði afhent S hf. o.fl.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Viðar Már Matthíasson, Eiríkur Tómasson og Þorgeir Örlygsson.

Varnaraðilar skutu málinu til Hæstaréttar með kæru 16. maí 2012 sem barst héraðsdómi sama dag og Hæstarétti ásamt kærumálgögnum 23. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 15. maí 2012, þar sem hafnað var kröfum varnaraðila á hendur sóknaraðila. Um kærueimild er vísað til d., g. og h. liða 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Varnaraðilar gera kröfu um að rannsóknaraðgerðir sóknaraðila verði dæmdar ólögmætar og að honum verði gert að hætta rannsókn sinni án tafar. Þá krefjast varnaraðilar þess að húsleit og haldlagning gagna að Glerárgötu 30 á Akureyri og Kringlunni 7 í Reykjavík á grundvelli úrskurðar Héraðsdóms Reykjavíkur 27. mars 2012, verði dæmdar ólögmætar og að sóknaraðila verði gert að afhenda þeim öll haldlögð og afrituð gögn sem þeim tilheyra og eyða öllum afritum af haldlögðum gögnum, þar á meðal rafrænum gögnum sem kunni að hafa verið vistuð á tölvum sóknaraðila. Að því frágengnu krefjast varnaraðilar að sóknaraðila skuli gert að skila nánar tilteknum gögnum sem haldlögð voru í áðurgreindri húsleit. Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

I

Eins og greinir í hinum kærða úrskurði hefur sóknaraðili til rannsóknar ætluð brot varnaraðilans Samherja hf. og tengdra aðila á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál og reglum, settum samkvæmt þeim. Að kröfu sóknaraðila kvað Héraðsdómur Reykjavíkur upp úrskurð 24. mars 2012 þar sem heimiluð var húsleit og haldlagning muna hjá Samherja hf. og nafngreindum aðilum, tengdum því félagi. Hinn 27. mars 2012, þegar húsleit hófst á grundvelli

fyrirliggjandi úrskurðar, komu fram mótmæli af hálfu fyrirvarsmanna Samherja hf. við lögmæti úrskurðarins og framgangi aðgerðanna. Varð það til þess að sóknaraðili krafðist þess fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur þann sama dag að honum yrði heimiluð húsleit og haldlagning gagna hjá fleiri aðilum en samkvæmt fyrri úrskurðinum. Samdægurs var síðan kveðinn upp nýr dómsúrskurður þar sem sóknaraðila var heimiluð húsleit og haldlagning muna hjá Samherja hf. að Glerárgötu 30, Akureyri, og Kringlunni 7, Reykjavík, sem og hjá öðrum varnaraðilum, auk Mercury Seafood ehf., Kötlu Consulting Ltd., Kötlu Trading (UK) Ltd. og Stocznia Gdynia S.A. Samkvæmt þessum síðari úrskurði náði heimildin einnig til leitar í skjalageymslu Samherja hf. og tengdra félaga að Sjávargötu 6, Dalvík. Ennfremur til þess að haldlagðir yrðu símar nafngreindra stjórnenda og starfsmanna Samherja hf. „enda hittist þeir fyrir á ofangreindum starfsstöðvum, í því skyni að taka afrit af gögnum sem þeir hafa að geyma.“ Í þinghaldi 27. mars 2012 þar sem krafa sóknaraðila var tekin fyrir var bókað að í samræmi við 1. mgr. 103. gr. laga nr. 88/2008 hafi þess verið krafist að beiðnin um húsleitarheimild sætti málsmeðferð fyrir dómi án þess að þeir, er hún beindist að, yrðu kvaddir á dómþing. Hafi dómari fallist á að taka kröfuna fyrir á þann hátt, sbr. 1. mgr. 104. gr. laganna.

Hinn 27. mars 2012 fór svo fram húsleit í húsnaði Samherja hf. á Akureyri og í Reykjavík og einnig í skjalageymslu félagsins sem mun vera staðsett á Árskógssandi. Var framkvæmdastjóri félagsins, aðrir starfsmenn þess og lögmenn viðstaddir leitina á Akureyri, en starfsmenn þess og lögmaður í Reykjavík. Við leitina var lagt hald á mikinn fjölda gagna sem sóknaraðili hefur enn í vörslum sínum og kveðst þurfa að rannsaka, en honum hafi enn ekki gefist ráðrúm til að fara yfir nema lítið brot þeirra. Sóknaraðili staðhæfir að hann hafi tjáð varnaraðilum að þeir geti hvenær sem er fengið afhent afrit skjala og annarra gagna og hafi hann orðið við öllum slíkum beiðnum þeirra. Þá hafa varnaraðilar til stuðnings kröfu sinni um að sóknaraðila verði gert að skila þeim nánar tilgreindum gögnum lagt fram lista yfir þau. Flest þau gögn virðist vera unnt að afrita, en þó eru þar greindar tvær Ipad tölvur sem enn munu vera í vörslum sóknaraðila. Kveður hann ástæðu þess að haldi á þeim tækjum hafi ekki enn verið aflétt vera þá að Samherji hf. hafi neitað að afhenda lykilorð pósthótt og því hafi ekki tekist að afrita gögn sem tölvurnar hafi að geyma.

II

Samkvæmt lögum nr. 87/1992 er sóknaraðila falið að hafa eftirlit með því að farið sé að lögunum og stjórnvaldsfyrirmælum sem sett hafa verið á grundvelli þeirra. Eftir 15. gr. a. laganna er sóknaraðila heimilt að leggja stjórnvaldssektir á hvern þann sem brýtur gegn nánar tilgreindum ákvæðum þeirra eða reglna, settum samkvæmt þeim. Í 1. mgr. 16. gr. b. segir að brot gegn lögunum og reglum settum á grundvelli þeirra sæti aðeins opinberri rannsókn að

undangenginni kærú sóknaraðila til lögreglu. Samkvæmt 4. mgr. 15. gr. e. er sóknaraðila heimilt að gera sérstakar athuganir og leggja hald á gögn í samræmi við ákvæði laga um meðferð sakamála, enda séu ríkar ástæður til að ætla að einstaklingar og lögaðilar hafi brotið gegn lögnum eða reglum, settum á grundvelli þeirra, eða ástæða sé til að ætla að athuganir eða aðgerðir sóknaraðila nái að öðrum kosti ekki tilætluðum árangri. Skal ákvæðum laga um meðferð sakamála beitt við framkvæmd slíkra aðgerða.

Í samræmi við ákvæði síðastgreindrar málsgreinar krafðist sóknaraðili þess, með vísan til 68. gr., 74. gr. og 1. mgr. 75. gr. laga nr. 88/2008, að kveðinn yrði upp sá dómsúrskurður um húsleit og haldlagningu hjá varnaraðilum sem um er deilt í máli þessu. Í því skyni að tryggja réttaröryggi þeirra, sem slíkar þvingunarráðstafanir beinast að, hefur verið talið að þeir eigi rétt á að bera lögmati þeirra undir dómstóla á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, óháð því hvort mælt sé sérstaklega fyrir um þann rétt í lögum, sbr. til dæmis dóm Hæstaréttar 26. nóvember 2009 í máli nr. 633/2009.

Þrátt fyrir að 2. mgr. 102. gr. sé orðuð svo að heimilt sé að leggja fyrir dómstóla ágreining um lögmati rannsóknarathafna var sama orðalag í 75. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála skýrt á þann veg að unnt væri að bera undir þá ágreining um lögmati rannsóknar í heild sinni, sbr. dóma Hæstaréttar 15. desember 2006 í máli nr. 637/2006 og 23. janúar 2007 í máli nr. 661/2006. Í báðum þeim tilvikum var deilt um hvort rannsókn væri ólögmat af formástæðum. Sú krafa varnaraðila að fyrrgreindar rannsóknaraðgerðir sóknaraðila verði dæmdar ólögmatar og að honum skuli af þeirri ástæðu vera gert að hætta rannsókn sinni án tafar er aftur á móti á því byggð að sú háttsemi varnaraðila, sem til rannsóknar er, sé hvorki refsiverð né ólögmat. Sökum þess að rannsókn ætlaðra brota á lögum nr. 87/1992 er í höndum sóknaraðila sem stjórnvalds getur þetta álitafni ekki sætt úrlausn dómstóla eðli máls samkvæmt fyrr en tekin hefur verið ákvörðun um að beita varnaraðila stjórnvaldssektum eða eftir að höfðað hefur verið sakamál á hendum þeim vegna þeirra brota. Samkvæmt því bar að vísa þessari kröfu frá héraðsdómi.

Eins og segir í 3. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 verður úrskurður héraðsdómara ekki kærður til Hæstaréttar ef athöfn, sem þar er kveðið á um, hefur þegar farið fram eða ástand, sem leitt hefur af úrskurðinum, er þegar um garð gengið. Með þessu er tekið af skarið um að ekki verður leyst úr lögmati dómsúrskurðar fyrir æðra dómi ef athöfn eða ástand á grundvelli hans er lokið. Á sama hátt verður lögmati athafnar, sem farið hefur fram, eða ástands, sem liðið er undir lok, ekki borið undir héraðsdóm samkvæmt 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008, heldur getur eftir atvikum reynt á það í sakamáli, sem kann að verða höfðað um sakarefnið, eða í einkamáli til heimtu skaðabóta eftir XXXVII. kafla laganna. Sem fyrr greinir fór sú húsleit og

haldlagning, sem mál þetta snýst um, fram hjá varnaraðilum 27. mars 2012 og voru aðgerðirnar því afstaðnar þegar málið kom til kasta dómstóla. Samkvæmt framansögðu bar þegar af þeirri ástæðu að vísa frá héraðsdómi þeirri kröfu varnaraðila sem lýtur að lögmati og framkvæmd aðgerðanna.

Sökum þess að haldi á munum varnaraðila hefur ekki verið aflétt eiga þeir á hinn bóginn rétt á að krefjast þess á grundvelli 2. mgr. 102. gr. laga nr. 88/2008 að gögnin verði afhent þeim og afritum af gögnunum eytt, sbr. og 3. mgr. 69. gr. þeirra laga. Við úrlausn á þeirri kröfu verður að líta til þess að samkvæmt 1. mgr. 68. gr. laganna er heimilt að leggja hald á muni ef ætla má að þeir hafi sönnunargildi í sakamáli. Í samræmi við meðalhófsreglu 3. mgr. 53. gr. sömu laga og með hliðsjón af 2. mgr. 68. gr. hvílir sú skylda á sóknaraðila að hraða eftir því sem kostur er rannsókn á hinum haldlögðu gögnum og taka afrit af þeim gögnum, sem hann telur að kunni að hafa sönnunargildi í því máli sem til rannsóknar er, svo að unnt sé að afhenda þau varnaraðilum sem allra fyrst. Vegna hins mikla umfangs gagnanna verður aftur á móti að játa sóknaraðila nokkru svigrúmi til þessa. Þar sem varnaraðilar hafa ekki sýnt fram á að einstök skjöl eða önnur gögn séu þýðingarlaus fyrir rannsóknina verður ekki fallist á þá kröfu þeirra að hin haldlögðu gögn verði afhent þeim þegar í stað og afritum þeirra jafnframt eytt. Á meðan varnaraðilinn Samherji hf. hefur ekki veitt umbeðið lykilorð pósthóttars eru heldur ekki efni til að gera sóknaraðila skylt að láta af hendi Ipad tölvurnar tvær sem áður eru nefndar.

Með skírskotun til þess, sem að framan greinir, og að öðru leyti með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar verður staðfest sú niðurstaða hans að hafna kröfum varnaraðila um afhendingu og eyðingu þeirra gagna sem sóknaraðili hefur lagt hald á.

Það athugist að eftir 1. mgr. 104. gr. laga nr. 88/2008 skal héraðsdómari að jafnaði ekki fallast á kröfu um að beiðni um rannsóknaraðgerð samkvæmt 1. mgr. 102. gr. laganna hljóti meðferð fyrir dómi án þess að sá, sem hún beinist að, verði kvaddur á dómþing nema dómari telji það nægilega rökstutt að vitneskja um aðgerðina fyrir fram hjá honum geti spillt fyrir rannsókn. Þegar krafist var nýs dómsúrskurðar um húsleit og haldlagningu hjá varnaraðilum 27. mars 2012 var hafin leit samkvæmt úrskurðinum 24. þess mánaðar. Af þeim sökum var ljóst að fyrirsvarsmönnum Samherja hf. og fleiri varnaraðila var þá þegar kunnugt um aðgerðirnar. Þótt fyrir lægi að það hefði óhjákvæmilega valdið drætti á að nýr úrskurður yrði upp kveðinn, ef þeir hefðu verið boðaðir til þinghalds og veittur kostur á að tjá sig um fram komna kröfu, réttlætti það ekki að víkja frá meginreglunni um andmælarétt þess sem krafa beinist að og kveðið er á um í 105. gr., sbr. 2. mgr. 104. gr., laga nr. 88/2008. Er aðfinnsluvert að svo hafi verið gert, en haggar sem fyrr segir ekki gildi úrskurðarins.

Kærumálskostnaður dæmist ekki, sbr. 3. mgr. 220. gr. laga nr. 88/2008.

Dómsorð:

Vísað er frá héraðsdómi kröfu um að sóknaraðila, Seðlabanka Íslands, verði gert að hætta rannsókn sinni á ætluðum brotum varnaraðilans Samherja hf. og aðila, tengdum honum, á lögum nr. 87/1992 um gjaldeyrismál. Ennfremur kröfu um að húsleit og haldlagning í húsakynnum þessa varnaraðila 27. mars 2012 á grundvelli dómsúrskurðar þann sama dag verði dæmdar ólögættar.

Að öðru leyti er hinn kærði úrskurður staðfestur.

Rétt endurrit staðfestir

30.05.2012

Gjald: 1.500 kr.

